

# Samþykkt fyrir ungmennaráð

## Um verkefni ungmennaráðs

### 1. gr.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 15 til 20 ára í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarskóp bæjarstjórnar.

### 2. gr.

Ungmennaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun bæjaryfirvalda um málefni er tengjast ungu fólki.

### 3. gr.

Helsta markmið og hlutverk ungmennaráðs er:

1. að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
2. að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega,
3. að undirbúa árlegt þing ungs fólks í samstarfi við viðeigandi stofnanir og deildastjóra,
4. að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,
5. að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins,
6. að efla tengsl nemenda framhaldsskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda framhaldsskólanna um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
7. að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda hvers grunnskóla um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
8. gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks

### 4. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

5. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

6. gr.

Ungmennaráð starfar í samræmi við eftirfarandi samþykktir bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs:

- A fjölskyldustefnu Fljótsdalshéraðs,
- B Staðardagskrá 21,
- C jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs,
- D aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi ráðsins.

**Um skipan ungmennaráðs**

7. gr.

Bæjarstjórn óskar eftir að eftirfarandi stofnanir tilnefni árlega samtals tíu fulltrúa í ungmennarráðið og tíu til vara. Tilnefningin eigi sér stað fyrir 10. september ár hvert.

A Einn fulltrúi úr 9. eða 10. bekk Brúarásskóla og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.

B Einn fulltrúi úr 9. eða 10. bekk Fellaskóla og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.

C Tveir fulltrúar úr 9. eða 10. bekk Grunnskóla Egilsstaða og Eiða og tveir til vara. Fulltrúar nemenda skólans verði valdir með almennri kosningu nemenda.

D Einn fulltrúi úr 9. eða 10. bekk Hallormsstaðaskóla og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.

E Tveir fulltrúar úr Menntaskólanum á Egilsstöðum og tveir til vara. Fulltrúar nemenda skólans verði valdir með almennri kosningu nemenda.

F Einn fulltrúi Hússtjórnarskólans Hallormsstað og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.

G Einn fulltrúi sem húsráð Hússins tilnefnir og einn til vara. Stefnt skuli að því að fulltrúinn komi úr hópi ungs fólks sem ekki er í ofangreindum skólum.

H Einn fulltrúi frá frjálsum félagasamtökum í sveitarfélaginu og einn til vara, sem stjórnir félaganna koma sér saman um hver skuli vera. Félögin sem hér um ræðir eru Björgunarsveitin Hérað, Hestamannafélagið Freyfaxi, Íþróttafélagið Höttur.

Sveitarfélagið mun leita til viðkomandi félaga og óska eftir sameiginlegri tilnefningu þeirra.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. september til 10. júní, ár hvert.

8. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann.

Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

9. gr.

Ungmennaráð heldur einn fund í mánuði. Í mars ár hvert fundar bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs með ungmennaráði. Dagskrá fundarinnar skal undirbúin í samráði við bæjarstjóra.

10. gr.

Deildastjórar á fjölskyldu- og frístundasviði eru starfsmenn ráðsins og skipta þeir með sér verkum eftir reglu þar um. Starfsmaður situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð óska eftir og leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

### **Um yfirstjórn ungmennaráðs**

11. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ungmennaráðs í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Ráðið gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna verkefna ungmennaráðs.

Starfsmaður leggur fram í ráðinu tillögu að fjárhagsáætlun ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

12. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

## Um fundarsköp ungmennaráðs

### 13. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski fulltrúi í ráðinu eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna starfsmanni ráðsins það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ungmennaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### 14. gr.

Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ritari ungmennaráðs skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
3. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
4. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
5. stutta lýsingu á hverju fundarefni,
6. bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
7. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Starfsmaður ráðsins ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í ungmennaráði, um málalok.

### **Um hæfi og skyldur ráðsmanna og annarra fundarmanna**

#### 15. gr.

Um hæfi fulltrúa ungmennaráðs gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Um hæfi starfsmanna nefndarinnar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### 16. gr.

Ráðsfulltrúum er skylt að sækja alla fundi ungmennaráðs nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé fulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Ráðsfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

### **Gildi samþykktarinnar**

#### 17. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 1. júní 2005.